

Nd. 205. Frumvarp til laga [109. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Skarð í Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Engilbert Ingvarssyni bónda á Tyrðilmýri eyðijörðina Skarð í Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðasýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Skarð í Snæfjallahreppi hefur verið í eyði í fjöldamörg ár. Hús eru þar engin og jörðin mannvirkjalaus að öllu leyti og illa fallin til ræktunar. Það eru því ekki líkur á, að þar verði stofnað til búskapar á ný. Hins vegar eru góðir sauðfjárhagar í landi Skarðs.

Engilbert Ingvarsson bóndi á Tyrðilmýri hefur byggt myndarlega á jörð sinni og mikið ræktað. Innan fárra ára verður allt land Tyrðilmýrar, sem hæft er til ræktunar, fullræktað, og eykst þá þörfin fyrir annað og stærra beitiland. Jörðin Skarð er nærtækust til þess að bæta úr þörf bóndans á Tyrðilmýri í þessum efnunum, og er það skoðun flutningsmanns, að jörðinni Skarði verði ekki betur ráðstafað en að stuðla að stækkun jarðarinnar Tyrðilmýrar.